

Vegagerðin  
Helga Aðalgeirsdóttir  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

**2002040007**  
6702; 6706; 9310

Reykjavík, 8. október 2002

**Efni: Norðausturvegur um Öxarfjarðarheiði í Öxarfjarðarhreppi og Svalbarðshreppi.  
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Norðausturveg um Öxarfjarðarheiði í Öxarfjarðarhreppi og Svalbarðshreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 4. september 2002 tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun:

Vegagerðin. Norðausturvegur um Öxarfjarðarheiði í Öxarfjarðarhreppi og Svalbarðshreppi. September 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Svalbarðshreppi, Öxarfjarðarhreppi, Raufarhafnarhreppi, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóra. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Svalbarðshreppi með tölvupósti dags. 2. október 2002, Öxarfjarðarhreppi með bréfi dags. 23. september 2002, Raufarhafnarhreppi með tölvupósti dags. 20. september 2002, Byggðastofnun með bréfi dags. 19. september og tölvupósti dags. 3. október 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 17. september 2002, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. september 2002, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 19. september 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 17. september 2002 og Veiðimálastjóra með bréfi dags. 10. september 2002. Athugasemd barst frá Hjalta Jóhannessyni og Kjartani Ólafssyni með símbréfi dags. 19. september 2002.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemdar með bréfum dags. 25. september og 3. október 2002.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 25. september og 3. október 2002 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Samfélag og landnotkun**

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 4.1.1, er fjallað um samfélag og landnotkun. Þar kemur m.a. fram að í matsskýrslu verði fjallað um núverandi aðstæður samfélags og að ekki verði gerð sérstök samfélagsrannsókn í tenglum við mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur í ljósi frekari upplýsinga frá framkvæmdaraðila og umsagnar Bygðastofnunar að meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á samfélag og landnotkun með því að fá upplýsingar frá sveitarstjórnnum á svæðinu um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á almenning, fyrirtæki og opinbera þjónustu á svæðinu. Einnig verði stuðst við rannsóknir sem m.a. Bygðastofnun og Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri hafa birt.

### **Kostir**

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 1.6, er fjallað um kosti. Þar kemur m.a. fram að einum kosti, Garðsdalsleið, hafi þegar verið hafnað. Skipulagsstofnun telur að ekki sé ástæða til að leggjast í frekari gagnaöflun vegna leiðarinnar þar sem hún kemur ekki til greina, en í matsskýrslu þurfi að rökstyðja ástæður þess. Í sama kafla kemur fram að lögð verði fram ýmis tilbrigði við Hófaskarðsleið. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í matsskýrslu verði rökstuddir þeir kostir og/eða tilbrigði sem framkvæmdaraðili velur sem meginkosti. Gildi það jafnt um Raufarhafnarleið sem og Hófaskarðsleið.

### **Vatnsverndarsvæði**

Skipulagsstofnun bendir á að auk þess að taka mið af fyrirliggjandi flokkun þeirra vatnsverndarsvæða sem vitnað er til í kafla 4.1.11 í tillögu að matsáætlun, beri að fylgja reglugerðum um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum (einkum nr. 533/2001).

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemdar

Afrit : Svalbarðshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Bygðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, Landgræðsla ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri.

